

EFTIRLITSSKÝRSLA



Arctic Sea Farm (áður Dýrfiskur) Ísafjarðardjúp (við Snæfjallaströnd)

Dags eftirlits	18.8.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Arctic Sea Farm (áður Dýrfiskur)	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Aðalstræti 20	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700807-0450	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Steinunn G. Einarsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.
Engin starfsemi er í stöðinni.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða kvíaeldisstöð við Snæfjallaströnd í Ísafjarðardjúpi. Starfsleyfið er fyrir eldi á regnbogasilungi og heimilar allt að 4.000t framleiðslu árlega.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Umfang, starfssvæði og breytingar á rekstri
- Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar - kynning
- Stjórnvaldssektir - kynning
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Engin starfsemi er í stöðinni og hefur ekki verið frá því starfsleyfið var gefið út árið 2015. Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Engar breytingar voru gerðar á áhættumatinu á milli ára og flokkast starfsemin áfram í eftirlitsflokk D sem gerir ráð fyrir vettvangsheimsókn þriðja hvert ár.

Fundað var með rekstraraðila í tengslum við eftirlit í starfsstöð rekstraraðila í Patreks- og Tálknafirði þann 16. ágúst sl. og farið yfir stöðu mála. Umsókn hefur verið send inn til Umhverfisstofnunar um nýtt 10.000t leyfi á svæðinu með breytingu yfir í lax. Ekki er því komin tímasetning á það hvenær rekstur hefst í stöðinni. Var rekstraraðili minntur á að tilkynna til Umhverfisstofnunar með góðum fyrirvara um útsetningu fisks í kvíar.

Keyrt var meðfram Súðavíkurhlíð þann 18. ágúst sl. og litið yfir kvíasvæðið við Snæfjallaströnd. Sökum veðurs var skyggni ekki gott og ekki hægt að greina hvort kvíar væru á staðsetningunni eður ei, en á ferð eftirlitsmanns um Snæfjallaströnd þann 18. maí sl. var ekki að greina neinar kvíar á svæðinu eða annan búnað tengdan fiskeldi. Rekstraraðili tilkynnti núll skýrslur varðandi starfsleyfis án starfsemi þann 28. apríl sl.

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

ANNAÐ

Rekstraraðila er bent á að meðan starfsleyfi er í gildi mun eftirlitsaðili framkvæma eftirlit með starfseminni skv. eftirlitsáætlun stofnunarinnar og innheimt verður eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar, hvort sem rekstur er í gangi eður ei. Óski fyrirtækið eftir því að starfsleyfið verði fellt úr gildi skal senda um það formlegt erindi á Umhverfisstofnun annað hvort á netfangið ust@ust.is eða með bréfpósti.


Sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar fylgdi fundarboðinu og er rekstraraðili beðinn um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig var kynning um stjórnvaldssektir send með fundarboðinu og rekstraraðili beðin um að kynna sér hana.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti enda ekki um neina starfsemi á svæðinu að ræða.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 16.09.2022



Guðbjörg Stella Árnadóttir